

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Höjgaard & Schultz A/S, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Fisks & Íss h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 18. júní 1946.

Nr. 112/1944. **Einar M. Einarsson** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Skipaútgærd ríkisins (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson
og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 13. september 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. september s. á. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 18536.20 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð, sem dæmd verður, frá 23. janúar 1942 til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Dómsmálaráðherra skipaði áfrýjanda 3. maí 1937 skipherra á Ægi um 6 ára bil frá 10. apríl 1937 að telja. Var skipunin gerð í samræmi við 3. gr. laga nr. 32/1935 og skyldi gilda, svo fremi ríkið gerði út skip til strandgæzlu og björgunar.

Áfrýjandi var látinn hætta skipstjórn 27. desember 1937. Voru honum greidd áfram hin föstu laun sín út ráðningartímabilið, en synjað greiðslu, er hann krafðist til uppbotar á því, að hann varð af ýmsum fjárhagshlunnindum, er hann hafði notið sem skipherra á Ægi. Höfðaði hann þess vegna mál þetta og krafðist kr. 18536.20. Með hinum áfrýjaða

dómi, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, hafa honum verið dæmdar kr. 2987.37, en stefndi sýknaður af greiðslu kr. 15548.82, sem jafngilda að fjárhæð hlutdeild skipherra í bjarglaunum þeim, sem komið hafa inn vegna bjargstarfa Ægis frá 27. desember 1937 og fram til upphaflegs stefnudags í máli þessu, 23. janúar 1942. Hefur áfrýjandi nú hér fyrir dómi einnig krafizt þessarar fjárhæðar.

Ægir er búinn bjargtækjum, svo sem mælt er í 7. gr. laga nr. 32/1935, og hefur frá upphafi verið notaður til bjargstarfa jafnframt strandgæzlu. Bjarglaun hafa og verið greidd skipherra og skipshöfn á honum skv. ákvæði 8. gr. nefndra laga. Áfrýjandi mátti því ganga að því visu, er hann réðst skipherra á Ægi, að hann mundi njóta skipherrahlutar af þeim fégróða, sem yrði af bjargstarfa á ráðningartímanum. Nú var áfrýjandi látinn fara af Ægi af sérstökum ástæðum og án þess að sakir væru þá hafðar uppi á hendur honum. Í máli þessu hefur verið bent á nokkur atriði til sönnunar því, að hann hafi unnið til þess að vera sviptur skipherrastöðu. Atvik þessi eru að nokkru ekki sönnuð og að nokkru ekki þess eðlis, að þau hefðu átt að varða áfrýjanda stöðumissi. Þá er og ekki sönnuð á hendur honum sú framkoma, eftir að hann lét af stjórn Ægis, að hann varði réttarspjöllum. Föst laun voru honum og greidd út samningstímann, sem væri hann enn í þjónustu ríkisins.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir áfrýjandi eiga rétt til jafnvirðis þeirrar hlutdeildar, er hann hefði átt í bjarglaunum til Ægismanna, ef hann hefði því skipi stjórnað á þeim tíma, er hér skiptir máli, en skipherrahlutur bjarglauna er á þessum tíma ómótmælt talinn hafa verið kr. 15548.83. Stefndi telur, að til frádráttar þessari fjárhæð eigi að koma þær tekjur, sem áfrýjandi hefði getað aflað sér á þeim tíma, sem mál þetta tekur til. Sannað er, að áfrýjandi hefur á þessum tíma haft kr. 1100.00 tekjur, og kemur sú fjárhæð til frádráttar, en ekki þykir, eins og högum áfrýjanda og horfi við stefnda var háttað, vera heimilt að færa fjárhæðina meira niður sökum þess, að hann hefði átt að afla sér tekna annars staðar frá.

Niðurstaðan verður því sú, að stefndi verður dæmdur til

að greiða áfrýjanda kr. 2987.37, þ. e. dæmda fjárhæð í héraði, sem ekki hefur verið véfengd í hæstarétti, + kr. 1448.83 (= kr. 15548.83 ÷ kr. 1100.00), eða alls kr. 17436.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. janúar 1942 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði áfrýjanda, Einar M. Einarssyni, kr. 17436.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. janúar 1942 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Einar M. Einarsson skipherra hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. febr. 1944, gegn Skipaútgerð ríkisins. Gerir stefnandi þær dómkröfur, aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 18536.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 23. jan. 1942 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, en til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða sér hæfilega fjárhæð eftir mati dómarans ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og þegar er greint.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða kr. 2987.37. Málskostnaðar krefst stefndi, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að þann 3. maí 1937 skipaði dómsmálaráðherra stefnanda til þess, um næstu 6 ár frá 10. apríl 1937 að telja, að vera skipstjóri á varðskipinu Ægi. Skyldi ráðning þessi gilda, svo fremi ríkið hefði eigin skip landsins til strandgæzlu og björgunar allan ráðningartímann. Með bréfi sama ráðherra, dagsettu 27. desember 1937, var stefnanda síðan vikið frá skipstjórn Ægis „fyrst um sinn“, og skyldi hann láta af störfum þegar í stað. Hefur stefnandi ekki gegnt skipherrastörfum á Ægi síðan, en þó notið fullra fastra launa til loka ráðningartímabilsins auk dýrtíðaruppbótar og fæðispeninga, eins og þeir voru, er hann lét af störfum. Nemur þetta samtals kr. 92356.58. Mun stefnandi oft hafa óskað eftir að taka við starfi sínu aftur, en án árangurs. Auk launa sinna og fæðispeninga hafði stefnandi ýmis hlunnindi, meðan hann var

skipherra, svo sem hluta af björgunarlaunum, er Ægir vann til, fatnað o. fl.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því, að ríkið hafi allan ráðningartímann haft Ægi til strandgæzlu og björgunar. Honum hafi aðeins verið vikið frá skipstjórn Ægis fyrst um sinn, en greidd föst laun með dýrtíðaruppbót allan ráðningartímann. Telur stefnandi því, að ráðningarsamningnum hafi í raun og veru ekki verið rift, heldur hafi hann verið í gildi allan tímann. Telur hann sig því eiga kröfu til fullnægingar sammingsins að öllu leyti og þá einnig til þeirra hlunninda, er hann krefur í máli þessu, enda hefði hann unnið til þeirra, ef hann hefði fengið að gegna stöðu sinni.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að ráðningarsamningurinn við stefnanda hafi fallið úr gildi þann 27. des. 1937, enda hafi stefnandi brotið svo verulega af sér í starfi sínu, að frávikning hans hafi verið réttmæt, þannig að hann eigi ekki kröfu til neinna fébóta, en sú greiðsla, sem hann hafi fengið síðan, hafi verið umfram alla skyldu. En jafnvel þótt talið yrði, að stefnandi hefði á sinum tíma átt bótakröfu á hendur stefnda vegna frávikningarinnar, þá hafi stefnanda þegar verið greidd miklu hærrí fjárhæð en slíkri bótakröfu næmi. Einnig telur stefndi, að stefnandi hafi firrt sig öllum rétti til skaðabóta með því að neita að taka við skipstjórn á v/s Artic á árinu 1939 og stjórnna björgun skipsins Persier á árinu 1941, eins og stefndi það hann að gera á ráðningartímabilinu. Loks telur stefndi, að stefnandi hafi sjálfur getað hagnýtt alla starfskrafta sína út ráðningartímabilið, enda hafi hann og gert það þannig, að tekjur þær, sem hann hafi aflað sér, nemi margfaldlega stefnukröfunni í máli þessu.

Það sem fyrst kemur til álita er því, hvort starfssamningi stefnanda, er stofnaðist þann 3. maí 1937, hafi verið rift eða ekki við brotthvarf hans úr starfinu þann 27. des. s. á. Telja verður að visu, að í fyrrnefndu bréfi ráðherra frá 27. des. 1937 hafi út af fyrir sig falizt riftun á samningnum — a. m. k. fyrst um sinn —, og hefði ekkert fleira komið til, hefði það komið til athugunar, hvort sú fyrirvaralaus riftun hefði verið réttmæt eða ekki, bótaskyld eða eigi. Þegar þess er hins vegar gætt, að stefndi greiðir stefnanda þrátt fyrir þetta bréf og án nokkurs fyrirvara fast kaup óslitið allan hinn umsamda ráðningartíma og leitar jafnframt til hans um vinnu, að því er virðist til endurgjalds, eins og þegar er lýst, þá verður að telja, að stefnandi hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að umræddur starfssamningur væri í gildi milli aðiljanna, þannig að stefndi sé við hann bundinn. Stefnandi virðist og hafa hagað sér samkvæmt þessu með endurteknu framboði á starfskröftum sínum, og getur aukavinna sú, er stefnandi innti af hendi fyrir aðra og ósannað er, að hafi veitt honum meira en 1100 króna tekjur, ekki talizt vera ósamrýmanleg gildi sammingsins, jafnframt því, sem

Það getur ekki talizt stefnanda til áfellis, þótt hann neitaði að vinna önnur störf en samningurinn fjallaði um. Af þessu leiðir, að ekki þykir þörf á að athuga sérstaklega sakargiftir þær, er stefndi telur hafa réttlætt brottvikningu stefnanda, en gögn þau, er fyrir liggja, virðast þó ekki styðja það, að um slík afglöp hafi verið að ræða, að heimilað hafi fyrirvaralaus brottvikningu án bóta.

Samkvæmt framansögðu verður því að telja, að stefnda beri að fullnægja áðurnefndum samningi gagnvart stefnanda og verður sýknukrafan því ekki tekin til greina.

Dómkröfur stefnanda sundurliðast þannig:

- | | |
|--|--------------|
| 1. Þóknun fyrir björgunarstarf Ægis (hlutur skipstjóra) frá 27. desember 1937 og út ráðningartímabilið | kr. 15548.83 |
| 2. a. Föt samkvæmt samningi, árin 1938—1941 (incl.) | kr. 1345.00 |
| b. Viðbótarþóknun samkvæmt 5. gr. samningsins frá 29. apríl 1941, kr. 100.00 á mánuði | — 823.31 |
| c. Hækkun á fæðispeningum 1941, 1 kr. á dag, dýrtíðaruppbót .. | — 583.06 |
| d. Sjúkkrasamlagsjald | — 236.00 |
| | — 2987.37 |

Samtals kr. 18536.20

Um 1. Samkvæmt varðskipalögunum skulu skipverjar varðskipanna fá hluta af björgunarlaunum í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra, en þó mest ganga til þeirra skipverja, er frekast hafa lagt sig í hættu við björgunina. Verður að fallast á það með stefnda, að stefnandi eigi ekki kröfu til slíkra óvissra tekna, er hann einungis hefði getað aflað, ef hann hefði sjálfur haft á hendi skipstjórn eða átt annan þátt í björgun, en eigi verður staðhæft, að svo hefði orðið. Verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 2. Þessi kröfuliður hefur ekki verið véfengdur út af fyrir sig, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2987.37 án nokkurs frádráttar vegna þeirrar óverulegu aukavinnu, er stefnandi hefur haft tekjur af samkvæmt framansögðu.

Mál um sama sakarefni og það, er hér liggur fyrir, og milli sömu aðilja var upphaflega höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 23. janúar 1942. Með samkomulagi aðilja og dómara var það mál hafið vegna formgalla, og síðan var mál þetta höfðað, eins og fyrr segir. Með tilliti til þessa þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda vexti af hinni dæmdu fjárhæð frá stefnudegi fyrra málsins

og ákveðast þeir 5% p. a. Eftir öllum atvikum þykir hins vegar rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta yrði flutt munnlega, eftir að gagnasöfnun var talið lokið, stafar sumpart af miklum önnum við borgardómaraembættið og sumpart af veikindaforföllum málflytningsmanns stefnanda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaútgærd ríkisins, greiði stefnandanum, Einari M. Einarssyni, kr. 2987.37, með 5% ársvöxtum frá 23. jan. 1942 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. júní 1946.

Nr. 151/1944. Þorlákur Einarsson (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

J. Þorláksson & Norðmann

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 18. desember 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar og hefur þann 12. nóvember 1945 fengið gjafsókn í því fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann. Hann gerir þær dómkröfur, aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 73050.00 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 28. febrúar 1944 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.